



## Fundur menningarmálanefndar 05. október 2016

Menningarmálanefndarfundur 5.10.16

Fundur var haldinn í Miklagarði, hófst 20:00 og mætt voru: Unnur Ósk Unnsteinsdóttir, Ingólfur Daði Jónsson, Jakobína Ósk Sveinsdóttir, Hreiðar Geirsson, Elísa Joensen og Berghildur Fanney Hauksdóttir menningarmálafulltrúi

Ingólfur Daði ritaði fundargerð.

### 1. Mál: Jólatónleikar

Mögulegir jólatónleikar ræddir áfram eins og á síðasta fundi. Ekkert ákveðið ennþá. Ákveðið að halda áfram í að sjá hvaða listamenn koma til greina fyrir jólatónleika.

### 2. Mál: DM16

Dagskrá DM16 gróflega rædd. Ákveðið að hugsa áfram um mögulega viðburði. M.m.f. falið að vinna áfram í dagskrá.

### 3. Mál: RIFF haust 2016

Rætt fyrirspurn RIFF um hvort við viljum fá þær sýningar aftur eins og við fengum í fyrra. Rætt og ákveðið að neita fyrirbeiðninni m.a. vegna dræmrar mætingar árinu áður og möguleika á að þetta stangist á annan viðburð.

### 4. Mál: Norskur listamaður

M.m.f. fór yfir hvernig dagskrá Ingrid verður þegar hún kemur hingað í fyrsta skipti dagana 12. – 31. október. Rætt og m.m.n. mjög jákvæð fyrir komu Ingridar.

### 5. Mál: Bjórsmökkun.

Fyrirspurn Arnars Þorvarðason barþjóns á Skúla Craft bar um að koma og halda bjórsmökkun í desember eða seinna. Tekið vel í þetta og stungið upp á janúar. M.m.f. falið að ganga á eftir þessu máli.

Engin önnur mál á dagskrá, fundi slitið 21:00